

Priðjudaginn 20. nóvember 1956.

Nr. 32/1956. **Ákærvaldið**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

**Stefáni Guðlaugi Runólfssyni**

(Sigurður Reynir Pétursson).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Gizur Bergsteinnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Líkamsáverkar.

### Dómur Hæstaréttar.

Theodór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að skilorðstími ákveðst 2 ár frá uppsögu héraðsdóms.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

### D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að skilorðstími sé 2 ár frá uppsögu héraðsdóms.

Ákærði, Stefáni Guðlaugur Runólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 25. ágúst 1955 af Dómsmálaráðuneytinu, gegn Stefáni Guðlaugi Runólfssyni verkstjóra, Skólaveg 8, Vestmannaeyjum, fyrir brot á 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 aðallega, en til vara fyrir brot á 219. gr. sömu laga, „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. maí s.l. ráðizt á Þór Ástþórsson rafvirkja, til heimilis í Vestmannaeyjum, á Vestmannabraut þar með þeim afleiðingum, að Þór öklabrotnaði á vinstra fæti.“

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 10. september 1933 og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Laugardagskvöldið 7. maí s. l. var haldinn dansleikur í Samkomuhúsi Vestmannaeyja. Að loknum dansleiknum kl. 2,00 kom til átaka milli Þórs Ástþórssonar rafvirkja og ákærða, Stefáns Guðlaugs Runólfssonar. Í átökum þessum felldi ákærði Þór í götuna og lá ofan á honum nokkra stund. Við fallið kveðst Þór hafa fundið til mikils sársauka í vinstra fæti. Ákærði stóð síðan upp og hélt áfram vestur Vestmannabraut, en félagar Þórs reistu hann á fætur. Þór elti ákærða síðan nokkurn spöl, og tókust þeir á, er Þór náði honum, en voru fljótlega skildir, og fór ákærði síðan burtu. Þór kvartaði mjög um meiðsli í vinstra fæti og gat ekki stigið í fótinn. Lögregluþjónar voru nú komnir á vettvang, og óku þeir Þór upp á lögreglustöð. Var Einar Guttormsson læknir sóttur, og athugaði hann meiðsli Þórs og bjó um fótinn. Samkvæmt vottorði læknisins voru hrumlur framan á ökla vinstri fótar og bólga ofan ytri öklans (malleolus externus sinist.), ca. 8x6 cm að stærð. Röntgenmynd, tekin af vinstri ökla daginn eftir að Þór slasaðist, sýndi skábrot í sperrileggnum (fibula sin.), rétt ofan öklans (malleolus externus sin.). Þá var húðskráma vinstra megin á enni Þórs, ca 6x5 cm að stærð.

Ákærða og vitni greinir allmjög á í framburðum sínum, og skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum.

Þór Ástþórsson skýrir svo frá, að hann hafi verið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja laugardagskvöldið 7. maí s. l. Dansleiknum lauk kl. 2,00, og fór Þór þá út og gekk vestur Vestmannabraut með tveimur félögum sínum, þeim Hilmi Hinrikssyni og Úlfari Guðjónssyni, sem báðir eiga heima í Reykjavík. Hjá húsinu Vestmannabraut 27 mættu þeir félagar manni að nafni Kristbjörn Árnason frá Húsavík, en Þór kveðst hafa kannazt við hann í sjón. Segir Þór, að Kristbjörn hafi farið að senda sér tóninn, og lentu þeir í orðasennu og hreyttu illyrðum hvor til annars. Lauk orðakasti þeirra með því, að þeir fóru að tuskast, en hættu því fljótlega að sögn Þórs. Kveðst Þór hafa

staðið á miðri götunni og verið að tala við Kristbjörn, þegar maður, sem reyndist vera ákærði, hljóp allt í einu upp á bakið á honum, tók hann haustaki og snéri hann síðan niður í götuna. Þegar ákærði hljóp upp á bakið á Þór, kveðst hann hafa hnotið við, og barzt leikurinn yfir að gangstéttinni sunnan megin götunnar, og þar féll hann í götuna við gangstéttarbrúnina. Þór kveður ákærða hafa hent sér ofan á sig um leið og Þór féll, og hélt ákærði honum stöðugt með haustaki. Þór kveðst ekkert viðnám hafa getað veitt, enda hafa fundið strax, að eitthvað var að vinstra fæti hans. Bað Þór ákærða að sleppa sér, þar eð hann væri hræddur um að hafa fótbrotnað, og segir Þór, að ákærði hafi ekki sinnt þessu fyrst í stað, en haldið áfram að þjarma að honum. Félagar Þórs reyndu að taka ákærða ofan af honum, en það tókst ekki. Eftir nokkra stund sleppti ákærði Þór, stóð upp og hélt áfram vestur götuna. Þór kveðst þá hafa risið á fætur og hoppað 2 eða 3 skref, unz hann náði ákærða. Kveðst Þór hafa ætlað að gera upp sakirnar við ákærða. Þegar Þór náði ákærða, segir hann, að ákærði hafi hrint sér, og er Þór ætlaði að bera fyrir sig vinstri fótinn, féll Þór í götuna, en ákærði fór burtu. Þór skýrir svo frá, að þegar ákærði felldi hann í götuna við húsið Vestmannabraut 27, hafi vinstri fótur sinn bögglazt eða snúizt undir sér. Kveðst Þór vera viss um, að hann hafi fótbrotnað við það, að ákærði henti honum til jarðar, enda kveðst hann einmitt hafa fundið til sársauka í fætinum, er hann datt. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið veill í fætinum áður. Er búið hafði verið um meiðsli Þórs, var farið með hann heim. Hann kveðst lengi hafa verið óvinnufær vegna þessara meiðsla. Að eigin sögn var Þór nokkuð undir áhrifum áfengis.

Vitnið Hilmir Hinriksson bifvélavirki, Reykjavík, hefur borið, að það hafi verið á dansleiknum með Þór. Það kveður Þór nokkuð hafa verið undir áhrifum áfengis, en hafa verið rólegan í framkomu. Að dansleiknum loknum gekk vitnið vestur Vestmannabraut með Þór. Vitnið kveður ákærða einnig hafa gengið vestur götuna. Segir vitnið, að ákærði hafi þá allt í einu og án nokkurs tilefnis frá Þór ráðizt aftan að honum óviðbúnum, tekið hann haustaki og skellt honum til jarðar, en við fallið skall annar fótur Þórs í steypa gangstéttarbrúnina. Kveður vitnið ákærða hafa lagzt ofan á Þór og þjarmað frekar að honum án þess að sleppa takinu. Vitnið kveðst hafa reynt ásamt fleirum að taka ákærða frá Þór, og hafi ákærði þá að lokum sleppt honum og farið síðan burt. Vitnið segir, að Þór hafi ekki getað stigið í fótinn.

Vitnið Úlfar Guðjónsson húsgagnabólstrari, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á dansleik með Þór Ástþórssyni. Eftir dansleikinn gekk vitnið vestur Vestmannabraut með Þór. Þar á götunni hittu þeir mann, sem vitnið þekkti ekki. Fóru þeir Þór og maður þessi að talast við. Lauk þeim viðræðum með því, að þeir fóru að rífast, en vitnið gaf deilu þeirra engan gaum. Vitnið segir, að Þór og maður þessi hafi verið staddir milli húsa Vestmannabraut 25 og 27. Allt í einu kveður vitnið ákærða hafa komið þarna að, ráðizt umsvifalaust á Þór, tekið hann haustaki og skellt honum í götuna. Höfuð Þórs skall í götuna í fallinu. Segir vitnið, að auðséð hafi verið, eftir að Þór féll í götuna, að hann myndi hafa meitt sig mikið á fæti, þar eð hann virtist ekki geta beitt fætinum, og auk þess hafi Þór rekið upp sársaukaóþ og sagt, að hann væri fótbrottinn. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki losað takið á Þór, þrátt fyrir beiðni hans og annarra, er þarna voru viðstaddir. Vitnið reyndi ásamt öðrum að taka ákærða ofan af Þór, en þeim tókst það ekki. Að lokum sleppti ákærði takinu af Þór, stóð upp og fór burtu.

Vitnið Hjálmar Þorleifsson rafvirki hefur borið, að það hafi orðið Þór samferða af dansleiknum. Vitnið stanzaði á Vestmannabraut til þess að tala við mann, en Þór hélt áfram vestur götuna. Eftir nokkra stund hélt vitnið áfram og sá þá, hvar Þór lá á götunni móts við húsið Vestmannabraut 27, og var hópur manna umhverfis hann. Einhverjir reistu Þór á fætur, en hann kvartaði um sársauka í öðrum fætinum og hneig niður, þegar hann ætlaði að stíga í fótinn. Vitnið fór þá að ná í bifreið og hitti tvo lög-reglupjóna, sem fóru Þór til hjálpar.

Vitnið Helgi Guðlaugsson bifreiðastjóri ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut margnefnda nótt, eftir að dansleiknum lauk. Tók vitnið þá eftir, hvar ákærði og Þór Ástþórsson voru að rísa á fætur, en hópur manna var umhverfis þá. Vitnið segir, að ákærði muni hafa legið ofan á Þór. Nokkru neðar eða fyrir vestan húsið Vestmannabraut 29 segir vitnið, að hafi verið hópur manna, og hljóp Þór þangað, eftir að hann reis á fætur. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa fylgzt með viðureigninni.

Vitnið Engilbert Jóhannsson húsgagnasmiður ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut nefnda nótt. Það kveðst hafa séð álengdar, að tveir menn lágu í rennusteininum sunnan megin götunnar, en margir menn voru umhverfis þá. Er vitnið kom þar að, var verið að reisa Þór á fætur, en hinn maðurinn var farinn, en vitninu var sagt, að það hefði verið ákærði. Þegar búíð var að hjálpa Þór á fætur, segir vitnið, að hann hafi gengið um 3 m út

á götuna og til manna, er þar stóðu, og kallað, hvar ákærði væri. Síðan fór vitnið leiðar sinnar.

Vitnið Sigurgeir Kristjánsson lögregluþjónn ber, að það hafi komið að, er Hilmir Hinriksson var ásamt öðrum manni að reisa Þór á fætur á móts við húsið Vestmannabraut 29, nærri eystri enda þess. Fór vitnið svo ásamt Ragnari Helgasyni lögregluþjóni með Þór upp á lögreglustöð, og athugaði læknir þar meiðsli hans, en Þór kvartaði um meiðsli í fæti.

Vitnið Ragnar Helgason lögregluþjónn ber, að það hafi ásamt Sigurgeir Kristjánssyni lögregluþjóni verið að sinna kalli utan úr bæ, er þeir hittu Hjálmar Þorleifsson á götunni, og skýrði hann þeim frá því, að Þór Ástþórsson væri fótbrottinn, og það Hjálmar lögregluþjónana að koma til aðstoðar. Þegar vitnið kom á vettvang, stóð Þór í annan fótinn á móts við húsið Vestmannabraut 29, en maður studdi hann. Þór skýrði vitninu frá því, að hann væri fótbrottinn af völdum ákærða. Segir vitnið, að Þór hafi liðið mjög illa í fætinum.

Vitnið Sigurgeir Ólafsson skipstjóri ber, að það hafi gengið Vestmannabrautina eftir dansleikinn. Sá vitnið, að á móts við húsið Vestmannabraut 29 voru þeir ákærði og Þór Ástþórsson í einhverju tuski. Kveðst vitnið hafa séð, að ákærði var að dangla með öðrum hnefanum ofan á höfuðið á Þór, og telur, að ákærði hafi einnig haldið í Þór. Vitnið gekk þá til þeirra og fékk ákærða til þess að koma með sér, og fylgdi vitnið ákærða síðan heim á leið.

Vitnið Kristbjörn Árnason sjómaður, Húsavík, skýrir svo frá, að það hafi verið á nefndum dansleik. Eftir dansleikinn hitti vitnið ákærða, og gengu þeir saman einn „rúnt“, sem kallað er. Er þeir voru rétt komnir aftur að Samkomuhúsinu, segir vitnið, að Þór Ástþórsson hafi allt í einu ráðizt á vitnið, og tókust þeir þá á vitnið og Þór. Ákærði það vitnið að láta Þór eiga sig og koma burt með sér. Sleppti vitnið þá Þór, en um leið slangraði hann annarri hendinni til vitnisins, og kom höggið eða strokan framan til á nefið, og fékk vitnið þegar blóðnasir. Vitnið kveður ákærða þá hafa tekið Þór, en það kveðst ekki hafa séð viður-eign þeirra, þar sem vitnið fór strax á brott.

Vitnið Finnbogi Friðfinnsson verzlunarmaður ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut að loknum dansleiknum ásamt vitninu Sveini Magnússyni. Þegar þeir komu á móts við húsið Vestmannabraut 29, kveðst vitnið hafa séð ákærða fyrir framan nefnt hús á tali við mann. Segist þá vitnið hafa séð, hvar Þór Ástþórsson kom hlaupandi niður Vestmannabraut, og segir vitn-

ið, að hann hafi ætlað að ráðast á ákærða. Þór hafði beygt höfuðið áfram, og sá vitnið, að ákærði sló Þór 3 eða 4 hnefahögg ofan á höfuðið. Sigurgeir Ólafsson kom nú þarna að og skildi þá Þór og ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa séð aðalviðureign þeirra Þórs og ákærða.

Vitnið Sveinn Magnússon ber, að það hafi séð ákærða á tali við mann hjá vestari enda hússins Vestmannabraut 29. Kveðst vitnið þá hafa séð, hvar Þór kom vestur Vestmannabraut á heldur hraðri ferð og fór til ákærða. Segir vitnið, að auðséð hafi verið, að Þór ætlaði að ráðast að ákærða, en áður en af því yrði, kom Sigurgeir Ólafsson til þeirra og kom í veg fyrir handalög-mál.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á dansleiknum í Samkomuhúsinu. Hann kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis. Þegar dansleiknum lauk kl. 2,00 um nóttina, kveðst ákærði hafa gengið einn „rúnt“ með Kristbirni Árnasyni. Ákærði segir, að á móts við húsið Vestmannabraut 25 hafi verið hópur manna, og þekkti ákærði Þór Ástþórsson í hópnum. Kristbjörn sagðist þurfa að tala við Þór og gekk til hans. Segir ákærði, að þá hafi það ekki skipt neinum togum, að Þór og Kristbjörn lentu í hár saman og fóru að slást. Ákærði kveðst þá hafa farið til þeirra, tekið Kristbjörn og ætlað að fara með hann burtu. Kveður ákærði Þór hafa verið búinn að slá Kristbjörn, svo að hann hafði fengið blóðnasir. Ákærði kveður Þór þá hafa þrifið í Kristbjörn og hafa ætlað að halda átökunum áfram. Segist ákærði þá hafa snúið sér að Þór, gripið í brjóst hans og lagt hann í götuna og sagt um leið við Þór, að hann skyldi jafna um hann, ef Þór léti Kristbjörn ekki í friði. Ákærði lenti ofan á Þór og kveðst hafa legið ofan á honum 1 eða 2 mínútur. Hann kveðst alls ekki hafa tekið haustaki á Þór, en hins vegar hafa haldið honum föstum undir sér. Ákærði segir, að Þór hafi ekkert mælt til sín, og segir, að sér hafi verið ókunnugt um það þá um nóttina, að Þór hefði slasast, en telur útilokað, að Þór hafi brotnað af hans völdum. Ákærði kveðst fljótlega hafa risið á fætur og haldið áfram vestur Vestmannabraut. Þegar ákærði kveðst hafa verið kominn að húsinu Vestmannabraut 31, segir hann, að Þór hafi komið hlaupandi á eftir sér og ætlað að ráðast á sig. Segir ákærði að vera megí, að hann hafi þá danglað í höfuð Þórs með öðrum hnefanum, en segir, að Sigurgeir Ólafsson hafi gengið á milli, svo að ekki kom til frekari átaka. Ákærði fór síðan burtu með Sigurgeir.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að Þór hafi ekki

fótbrotnað af hans völdum, heldur hljóti það að hafa átt sér stað, eftir að ákærði fór burtu. Ákærði hefur þó ekki bent á nein önnur atvik, sem gætu verið orsök meiðsla Þórs. Rétturinn lítur svo á, að telja verði fullsannað með hinum eðfesta vitnaframburði, að Þór hafi fótbrotnað, er ákærði felldi hann í götuna, og verði að telja ákærða meiðsli þessi til sakar. Þykir brot þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing sú, er ákærði hefur til unnið, hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Með hliðsjón af því, að ákærða hefur ekki verið refsað áður og að ákærði hugðist koma félaga sínum til hjálpar, er hann taldi hafa orðið fyrir árás, þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldin skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Af hálfu Þórs Ástþórssonar hafa ekki verið hafðar uppi skaðabótakröfur í máli þessu, en Þór hefur áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál á hendur ákærða.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun til skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 750.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðlaugur Runólfsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla, að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 750.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.